

# Matorka ehf Grindavík

## VÖKTUNARÁÆTLUN



September 2020

## Alemennt:

Gildir fyrir starfselyfin á i5 og i6.

Matorka ehf starfrækir 3.000 tonna fiskeldisstöð á svæði i5 (Hraun) og er með í undirbúningi stækkun í 6.000 tonn. Fiskeldisstöðin verður landeldisstöð með nýjustu tækni og hönnun slíkrar stöðvar. Jafnframt er félagið með leyfi fyrir 4.300 l/s uppdælingu á sjóblönduðu vatni gefið út af Orkustofnun og samþykkt deiliskipulag gefið út af Grindavíkurbæ.

Eldi í Húsatóftum i6 er seiðaeldi og er félagið með 200 tonna leyfi sem gildir til ársins 2026.

Yfirlitsmynd af athafnasvæðinu:



Mengunaráhrif fiskeldis lúta alla jafna einkum að streymi næringarefna í viðtaka. Viðtaki fiskeldisstöðvarinnar í Grindavík er sjórinn og er hönnun stöðvar þannig að fiskeldiskerin eru í hæðarþrepum þannig að yfirfall frá einu kerfi flæðir yfir í næsta með því að vatnið er loftað og

súrefnisbætt en gruggið fellur frá um botnkerfin. Yfirfall fer því farið um frárennislögn til sjávar. Við hönnun stöðvarinnar var horft til nýjustu þekkingar og tækni varðandi mengun, endurnýtingu vatns og annarra þátta.

Frárennsli frá seiðastöðinni rennur um lagnakerfi til sjávar.

## Vöktun

1. Innra eftirlit framkvæmt sem felur í sér daglegar skráningar á þáttum sem snúa að framleiðslu, rekstrarbúnaði, þrifum og aðstöðu.

Skráningar eru framkvæmdar í Farm Control, í dagbók, gestabók, viðskiptablöð og eyðublöð sem færð eru svo í mánaðarskýrslur.

Skráningar á umhverfis- og rekstrarþáttum fiskeldisstöðvarinnar, s.s:

- Framleiðslumagn, afföll og staðsetningar (rekjanleika).
- Fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð.
- Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja.
- Bilanir og óhöpp.
- Úrgang frá framleiðslunni.
- Mælingar og niðurstöður.
- Þjálfun og reynslu starfsfólks.
- Skráningu og eftirlit á öryggisblöð, í gæðakerfi og önnur eftirlitskerfi.
- Þrif á eldisrýmum.

2. Staðbundnar aðstæður sem vöktun nær til eru:

- a. Útrás frárennislagnar. Þar verður mæld eftirfarandi atriði:

- i. Efnalosun, heildar P tvisvar á ári og reiknað mánaðarlega út frá fóðurnotkun.
- ii. COD eða BOD<sub>5</sub> í frárennsli mælt tvisvar á ári.
- iii. Myndir við útrás teknar mánaðarlega til að meta myndrænt hvort sýnileg mengun er við útrás.
- iv. Við útrás er metið hvort óæskileg lykt sé til staðar.

- b. Borholur fyrir sjóblandað vatn. Símaþing er í mæliholu við hliðina á vatnstökusvæðinu og í Baðstofugjá.

- c. Almenn loftgæði við eldisstöðina. Með því að farga öllum lífrænum úrgangi um leið og hann fellur til er verið að draga loftmengun. Allur lífrænn úrgangur fjarlægður af Skinnfisk í flokki Cat3.

3. Öll sýni sem tekin eru og greina þarf eru send til Sýni ehf til mælinga. Sýnatökuílát eru fengin hjá Sýni ehf og er farið eftir þeirra verklagsreglum varðandi sýnatöku og meðhöndlun sýna.
4. Sérstök vöktun er við útrás. Vaktað er fyrir fuglum við útrás og hvort frárennsli hafi áhrif t.d. hvað mengandi atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi, þörungavöxt eða dýralíf.
5. Vöktun er á grunnvatnstöku með síritum.
6. Skráning og skýrslugerð er skjöluð þannig að eftirlitsaðilar hafa ávallt fullan aðgang að þeim.

## 3. Skýrslugerð og bókhald

Skráningar og gagnasöfnun er framkvæmd daglega þannig að öll gögn varðandi upplýsingagjöf eru til staðar.

Skýrslur eru m.a.:

- Mánaðarskýrslur, samantekt úr innra eftirliti og gæðaskráningum.

- Útreikningur á fosfór í frárennsli út frá fóðri og lífmassa.
- Samantekt á díselnotkun og útreikningar á CO2.
- Grænt bókhald og ársskýrsla.
- Úttekt fisksjúkdómalæknis og skýrslur, a.m.k. 4x á ári.
- Skýrslur frá ÍSOR vegna símælinga á vatnstöku, 2x á ári.

Gæðahandbók er til staðar þar sem m.a. eru tilgreindar umgengisreglur, verklagsreglur varðandi ýmsa rekstrar- og öryggisþætti, viðbragðsáætlanir, neyðaráætlun og viðbrögð við mengunaróhöppum og þjálfun starfsmanna.

#### 4. Umhverfisþættir

Allt sorp er flokkað í plast, pappír og almennt sorp. Samningur er við HP Gáma um förgun.

Allur lífrænn úrgangur er safnaður saman í fiskikör sem Skinnfiskur sækir og endurvinnur.

Spilliefni og rafgeymar er fargað á sorpþjónustumiðstöðinni í Grindavík.

Úrgangsolía eftir olíuskipti á díselstöðvum er fjarlæg af þjónustuaðila, og sér þjónustuaðili um viðhald og olíuskipti.

Engar sápur eru notaðar við hreinsun kerja á nýja svæðinu. Þegar ker tæmast er þjónustuaðili, Kafarapjónusta Grindavíkur, sem háþrýstipvær kerin með hreinu vatni og undirbýr fyrir áfyllingu.

Engin lyf eru notuð í stöðinni

#### 5. Áætlun söfnun lífræns úrgangs.

Áætlun er að í framtíðinni verði mögulegt að taka til hliðar lífrænan úrgang. Enginn aðili er á markaði sem tekur við slíkum úrgangi en vinna er í gangi að á næstu árum verði búið opna fyrir mögulega söfnun og nýtingu á lífrænum úrgangi. Vöktun á viðtaka er ávallt til staðar og gefa mælingar á frárennsli og sjónræn vöktun niðurstöður um hvort frárennsli er að hafa áhrif á viðtaka.

## Endurskoðun

Vöktunaráætlun og gæðahandbók verða endurskoðuð reglulega, a.m.k. 1x á ári.